


Frjómælingar á Akureyri og í Reykjavík í apríl og maí 2008

Fréttatilkynning frá Náttúrufræðistofnun Íslands, 5. júní 2008

Akureyri. Vegna vorkulda fyrir norðan hófust frjómælingar ekki fyrr en 5. maí á Akureyri og þar mældust fyrstu frjókornin 11. maí. *Alaskaöspin* byrjaði að dreifa frjókornum 16. maí, frjótölur urðu aldrei háar og tímabilið stóð óvenjustutt yfir (sjá myndrit). Heildarfjöldi asparfrjóa varð 81 sem er í tæpu meðallagi og aðeins helmingur þess sem mældist í fyrra. *Birkitíminn* skall á með hveli þegar hlýnaði skyndilega síðustu helgina í maí. Á fjórða degi tímabilsins var frjótalan komin í á þriðja hundrað. Hámarkið varð 26. maí þegar 252 frjó mældust á einum sólarhring. Birkifrjó hafa verið samfelt í lofti frá 23. maí (sjá myndrit). Heildarfjöldinn er kominn í 649 sem er yfir meðallagi þrátt fyrir að tímabili birkifrjóa sé enn ekki lokið á Akureyri. Heildarfjöldi frjókorna í maí reyndist rúmlega 764 frjó/m³, hafa aldrei verið fleiri, en meðalfjöldinn þau tíu á sem mælt hefur verið á Akureyri er 258 frjó/m³.




Myndritið sýnir asparfrjó (dökkrauðar súlur), birkifrjó (dökkgrænar súlur) og öll frjó (línan). Frjótala er mælieining fyrir magn frjókorna í andrúmsloftinu (meðalfjöldi í rúmmetra á sólarhring).

Grasfrjó mælast sjaldan í maí á Akureyri og þar er maí 2008 engin undantekning. Af öðrum frjógerðum en þeim sem taldar eru upp vegna ofnæmisáhrifa á fólk reyndust frjó af lyngætt og víðiætt algengastar.



Reykjavík. Frjómagn í Reykjavík í apríl og maí losaði 1100 frjó/m³ sem er vel yfir meðallagi og heldur meira en mældist fyrra. *Asparfrjó* hafa aldrei verið jafnmörg og í ár (339 frjó/m³), fóru hæst í 63 þann 11. maí (sjá myndrit). Aspartíminn var varla liðinn þegar frjótími birkis hófst. Birkið náði hámarki í síðustu viku maí. *Birkitíminn* hefur staðið yfir í þrjár vikur, hófst 14. maí og lýkur væntanlega í fyrstu viku júní. Heildarfjöldi birkifrjóa (445 frjó/m³) er kominn í tæpt meðallag. Frjótalan fór aldrei yfir 100 á frjótímabilinu, varð hæst 60 þann 25. maí (sjá myndrit).



Myndritið sýnir asparfrjó (dökkrauðar súlur), birkifrjó (dökkgrænar súlur), súrufrjó (rauðar súlur) og öll frjó (línan). Frjótala er mælieining fyrir magn frjókorna í andrúmsloftinu (meðalfjöldi í rúmmetra á sólarhring).

Grasfrjó hafa mælst stopult síðan 26. maí, sem er nokkru fyrr en í fyrra. Frjótala grasa er enn lág. Sama er að segja um *súrufrjó* þau mælast enn stopult. Í báðum hópum, þ.e. meðal tegunda af grasætt og af súruættkvísl, er að finna tegundir sem valda ofnæmi, þó er mun algengara að grasfrjó valdi ofnæmi.

Í hópi frjókorna annarra frjógerða en þeirra sem tíundaðar eru vegna ofnæmisáhrifa á fólk bar mest á frjókornum af lyng- og víðiætt og á furu- og grenifrjóum í maí.

Framundan er frjótími grasa, túnsúru og hundasúru. Í júní eru frjótölur oftast lágar en geta farið yfir 10 þegar kemur fram í miðjan mánuðinn. Á stöðum þar sem gras er látið óslegið og það fær að blómgast og vaxa úr sér verða frjótölur þó mun hærri. Á Íslandi er grasofnæmi algengasta frjóofnæmið.

Frjótölur birtast á síðu 169 í textavarpri RÚV. Einnig má skoða frjótölur á vef Morgunblaðsins, <http://www.mbl.is/mm/frettir/vedur/pollen.html> Frjótölur birki- og grasfrjóa birtast á vef NÍ <http://www.ni.is/grodur/frjomaelingar/frjomaelingar2008/> sem súlur á myndriti jafnóðum og tölur liggja fyrir. Þar má sjá hvernig sumarið í ár kemur út m.t.t. frjóælinga fyrri ára.

Reykjavík 5. júní 2008

Margrét Hallsdóttir
netfang mh(hjá)ni.is

